

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 331 16. ágúst 1976 um gatnagerðar- gjöld við byggðar götur í Þorlákshöfn.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða gatnagerðargjöld kr. 32,00 af hverjum fermetra lóðar og er það miðað við byggingarvísitölu 107 í mars 1988.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein 3. mgr. sem orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að fresta álagningu B-gatnagerðargjalds samkvæmt reglugerð þessari ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- og örorkulífeyrisþega, sem engar aðrar tekjur hafa en tryggingabætur. Skilyrði fyrir frestun álagningar er að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan hátt, þannig að forsendur frestunarinnar bresti.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps í Árnessýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hriseyjar.

1. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan setur stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitaveitukerfis. Gjald til hitaveitunnar miðast við hámarksrennsli við stillingu hemils.

2. gr.

Hitaveitan ein má rjúfa innsigli á hemli. Hitaveitan breytir stillingu á hemli eftir óskum húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt veitunni, en eftir það einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu hafa borist fyrir 1. janúar. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þó aflnotkun verði minni hluta úr árinu. Lægsta stilling á hemli er 1 lítri á mínútu og selt vatnsmagn skal standa á hálfum og heilum lítra á mínútu.

Par sem vatn er notað til annars en upphitunar húsnæðis og venjulegrar heimilisnotkunar setur hitaveitan upp mæla sem mæla rennsli vatns í rúmmetrum. Hitaveitan kostar og sér um uppsetningu og viðhald mælanna.